



TÖSKUPÓSTURINN

APRÍL 2011

Munið síðuna okkar: <http://grunnskoli.raufarhofn.is>

Frábær árangur í Stóru upplestrarkeppninni

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Norðurþingeyjarsýslu fór fram í félagsheimilinu Hnitbjörgum fimmtudaginn 24. mars. Grunnskóli Raufarhafnar átti þrjá fulltrúa í keppninni að þessu sinni, þau Birki Rafn Júlíusson, Brynju Dögg Björnsdóttir og Hákon Breki Harðarson. Þessi þrjú voru valin til þátttöku eftir glæsilega undankeppni sem haldin var í skólanum.

Skemmst er frá því að segja að þau stóðu sig mjög vel og voru skóla sínum til sóma. Þegar upp var staðið áttum við tvo lesara í þessum efstu sætum, Hákon Breki hreppti þriðja sætið og Birki Rafn það fyrsta. Í öðru sæti var nemandi frá Öxarfjarðar-skóla.

Árangur Grunnskólans á Raufarhöfn er athyglisverður í Stóru upplestrarkeppninni. Allar götur síðan 2004 hefur

keppandi frá skólanum lent í einu af þremur efstu sætum. Þetta er þó í fyrsta skiptið sem við eigum tvo fulltrúa í verðlaunasæti.



Ingibjörg Einarsdóttir, einn af upphafsmönnum Stóru upplestrarkeppninnar var formaður dómnefndar. Hér afhendir hún Birki Rafn verðlaun fyrir fyrsta sætið.



Árangur skólans síðustu ár:

- 2004 Rakel Fríða Thoroddsen, 3. sæti.
- 2005 Halldór Helgi Halldórsson, 2. sæti.
- 2006 Þorbjörg Eva Magnúsdóttir, 1. sæti.
- 2007 Gréta Ingibjörg Sigtryggisdóttir, 2. sæti.
- 2008 Þórunn Nanna Ragnarsdóttir, 3. sæti.
- 2009 Rósa Björg Þórsdóttir, 1. sætið.
- 2010 Þórdís Sigtryggisdóttir, 3. sæti.
- 2011 Birkir Rafn Júlíusson, 1. sæti
Hákon Breki Harðarson, 3. sæti.



Í blaðinu...

Ávarp skólastjóra bls. 2

Dagur barnabókarinnar bls. 2

Á sjó... bls. 4

LEGO námskeið bls. 4

Vinavika bls. 5

Bakarí Raufarhafnar bls. 5

Börn hjálpa börnum bls. 5

Gamla myndin bls. 6

Út að ganga bls. 6

Ávarp skólastjóra



Það stendur svo sannarlega mikið til í Grunnskóla Raufarhafnar þessa dagana. Allir sem einn vinna hörðum höndum að því að gera ársráðgjafar- sýninguna okkar sem glæsilegasta.

Í ár sýnum við *Skilaboðaskjóðuna* eftir Þorvald Þorsteinsson. Verkið er byggt á samnefndri bók eftir Þorvald sem kom út 1986 og var fyrst sýnt í Þjóðleikhúsinu 1993 en aftur 2007. Jóhann G. Jóhannsson samdi tónlistina við verkið við texta Þorvaldar.

Að setja upp stóra sýningu líkt og við gerum krefst mikillar vinnu frá

nemendum og starfsfólki. Það er gaman að fylgjast með hvernig allir vinna saman að settu marki. Þó að hefðbundin kennsla hafi nú vikið tímabundið fyrir undirbúningnum þá er það nám sem nú fer fram engu síðra. Að setja upp stóra leiksýningu frá grunni og sýna fyrir framan fullan sal af fólki er reynsla sem fæstir öðlast á lífsleiðinni. Að þessu leyti getum við boðið nemendum okkar upp á reynslu og þekkingu sem stærri skólar eiga erfiðara með.

Ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega leikstjórum verksins, þeim

Heiðu og Olgu, fyrir sína vinnu sem og Þóru Soffíu sem hefur haft forystu með leikmyndagerð. Án þeirra væri engin sýning.

Eftir frumsýningu verksins föstudaginn 15. apríl eru nemendur komnir í langþráð páskafrí. Við hefjum kennslu á nýjan leik miðvikudaginn 27. apríl. Föstudaginn 29. verður svo aukasýning á *Skilaboðaskjóðunni* og því er mikilvægt að allir nemendur snúi úr páskafríi á réttum tíma.

Vonandi sé ég ykkur flest í Hnitbjörgum næstkomandi föstudag.

Jóhann Skagfjörð

Dagur barnabókarinnar

Dagur barnabókarinnar var haldinn 31. mars. Að því tilefni komu allir nemendur og kennarar saman í leikskólanum kl. 9:45 þar sem við hlustuðum Rás 1 þar sem Kristín Helga Gunnarsdóttir frumflutti smásöguna *Hörpuslag*. Söguna skrifaði Kristín Helga sérstaklega í tilefni dagsins.

Eflaust hafa margir í þessum hópi verið að

hlusta á sögu í útvarpi í fyrsta skiptið.

Alþjóðlegur dagur barnabókarinnar er 2. apríl ár hvert, en þar sem hann bar upp á laugardegi í ár var honum flýtt. Dagurinn er fæðingardagur H.C. Andersen.

Á þessum degi hafa samtökin IBBY veitt verðlaunin *Sögusteinn* árlega síðan 2007. Þau fær sá rit-

höfundur, myndskreytir eða þýðandi sem hefur auðgað íslenska barnabókaflokkinn.

Sögusteinninn í ár fékk Ragnheiður Gestsdóttir.





GRUNNSKÓLINN Á RAUFARHÖFN

í samstarfi við foreldrafélagið Velvakandi

kynnir ævintýrasöngleikinn

SKILABOÐA SKJOÐAN

Frumskýning

Föstudaginn 15. apríl kl. 18:00

Aukasýning

Föstudaginn 29. apríl kl. 17:30

Eftir frumsýningu býður foreldrafélagið upp á nautapottrétt með öllu tilheyrandi. Í hléi verður boðið upp á kaffi og djús.

Miðaverð á frumsýningu:

Fullorðnir	2500 (með mat)
Börn	1500 (með mat)
Leikarar	500 (matur)

Fritt fyrir leikskólabörn

Miðaverð á aukasýningu:

Fullorðnir	1500
Grunnskólabörn	1000
Leikskólabörn	500

Á sjó...

Það var blíðskaparveður og spegilsléttur sjór á Þistilfirði þegar nemendur í 8.-9. bekk skelltu sér á sjó á skólaskipinu Dröfn þann 31. mars.

Í ferðinni fengu nemendur að kynna sjávarútvegi og vinnunni um borð í fiskiskipum. Skipstjórinn tók á móti nemendum og kynnti þeim öryggisbúnað sem og stjórn- og siglingatæki skipsins. Áhöfn kynnti þeim veiðarfærin og vinnslulínuna auk þess sem líffræðingur frá Hafrannsóknarstofnun

fræddi nemendum um eitt og annað varðandi hafið umhverfis Ísland.

Svo var trollinu kastað og allt fór á fullt eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



LEGO námskeið

Jóhann Breiðfjörð, sem starfaði sem hönnuður hjá LEGO í fimm ár, kom til okkar mánudaginn 7. mars og hélt LEGO námskeið fyrir krakkana. Með í för voru um 100 kíló af tækni-LEGO kubbum sem nemendur byggðu úr.

Útkoman var ýmis konar LEGO verk með

mótorum sem skutust um skólastofuna nemendum til ánægju.



Vinavika

Dagana 15.-22. mars var *Vinavika* í skólanum. Allir nemendur tóku þátt og kepptust við að gleðja leynivinnu sinni sem mest þessa daga. Nemendur máttu ekki kaupa gjafir fyrir leynivinnu sinni, heldur átti þetta að vera eitthvað sem þeir sjálfir bjuggu til. Nú svo þurfti ekki endilega að gefa eitthvað heldur gat gleðin falist í því að vera sérstaklega vingjarnlegur og greiðvikinn við viðkomandi.

Vikan endaði svo þannig að við fórum öll á sal þar

sem síðasta gjöfin var afhent. Allir höfðu þá fönðrað blóm fyrir sinn leynivinnu sem þeir gáfu honum og um leið kom í ljós hver var leynivinnur hvers.



Þó að þessi skemmtilega vika sé nú á enda þýðir það ekki að við séum hætt að vera vinir, ónei! Við ætlum öll að vera vinir, í gær og í dag og á morgun líka og alla daga eftir það - eins og segir í skólalaginu okkar.



Bakarí Raufarhafnar

Nemendum skólans er margt til lista lagt. Í heimilisfræði á dögnum bókðu þau dýrindis formkókur sem voru svo fallegar að halda mætti að þær hefðu verið sendar til okkar af himnum ofan. Nú mun tíminn leiða í ljós hvort einhver af þessum

miklu bakarasnillingum taki sig til og opni bakarí á

Raufarhöfn á fullorðinsárum. Vonandi.




Börn hjálpa börnum

Eins og við greindum frá í síðasta tölublaði *Töskupóstsins* tóku nemendur í 3.-6. bekk þátt í söfnuninni *Börn hjálpa börnum* sem

ABC hjálparstarf stendur fyrir. Bæjarbúar tóku nemendum vel og alls söfnuðust 26.983 krónur. Þegar þetta er skrifað eru

ekki enn komnar endanlegar tölur yfir hve mikið safnaðist yfir landið allt, en upphæðin mun vera að lágmarki sjö milljónir.

Að þessu sinni var safnað fyrir skólabörðum og bekkjum fyrir ABC starfið í Pakistan og byggingu skólahúsnæðis fyrir ABC í Naíróbí í Kenýa.



Gamla myndin - *Fjör í fyrsta bekk*



1. bekkur í Grunnskóla Raufarhafnar veturinn 1994 - 1995

Efri röð frá vinstri: Unnur Jónsdóttir, María Guðrún Jósepsdóttir, Páll Þormar, Þorbergur Þórarinnsson, Sædís Jana Jónsdóttir, Friðgeir Gunnarsson, Bríet Magnúsdóttir.

Neðri röð frá vinstri: Bangsi Bangsason, Sigurður Örn Óskarsson, Lovísa Stefánsdóttir, Tinna Stefánsdóttir,

Þessi mynd er stútfull af barnslegri gleði og hamingju. Ótrúlega krúttleg! Á henni eru nemendur í 1. bekk Grunnskóla Raufarhafnar veturinn 1994-1995 en þau eru fædd 1988. Þessi börn luku grunnskólagöngu sinni vorið 2005 og eru samkvæmt því alls engin börn lengur, heldur fólk á þrítugsaldri. Myndin er tekin uppi í rúmi á heimili Kristínar Kjartansdóttur, umsjónarkennara þeirra, sem þá bjó í Breiðabliki.

Út að ganga!

Það er oft gott að líta aðeins upp úr námsbókunum og skella sér í göngutúr. Sem er einmitt það sem við gerðum í grunnskólanum einn góðan dag í mars.

